

Mannréttindi fatlaðra barna- Samningar Sp um réttindi barnsins og réttindi fatlaðs fólks



Samningur Sp- réttindi fatlaðs fólks

- Fyrsti mannréttindasáttmálinn sem saminn er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á 21. öldinni.
- Tilgangur samningsins er að efla mannréttindi og persónufrelsi fatlaðs fólks og stuðla að virðingu fyrir manngildi þeirra.- sömu réttindi og aðrir.
- Samningurinn var unninn í nánu samstarfi við fatlaða og hagsmunasamtök þeirra.

Samningur Sp- réttindi fatlaðs fólks

- Grundvallaratriði sáttmálans eru: virðing, bann við mismunun, full og áhrifarík þátttaka, virðing fyrir fjölbreytileika, jöfn tækifæri, aðgengi og jafnrétti milli karla og kvenna.

Bann við mismunun

- sem snýr að fólki með fötlun og raunhæf vernd gagnvart slíkri mismunun. Lögð er áhersla á að konur og börn sem eru með fötlun eru í aukinni áhættu fyrir mismunun og að markvissra aðgerða er þörf til að tryggja grundvallarmannréttindi þeirra og frelsi.

Samningur Sp- réttindi fatlaðs fólks

Jafnrétti að lögum – Eða jöfn viðurkenning að lögum

- Sumir einstaklingar geta ekki upp á eigin spýtur tekið allar sínar ákvarðanir. Tryggja þarf að þeir sem þess þurfa fái aðstoð við ákvarðanatöku, aðstoð við að gæta réttar síns og aðstoð við að gæta fjármuna sinna. Jafnframt þarf að huga að því að sú aðstoð grafi ekki undan lagalegum rétti hins fatlaða, að vilji hans sé virtur og að ekki séu hagsmunaárekstrar milli hins fatlaða og þess sem aðstoðina veitir. Samfélagið veiti einstaklingunum þann stuðning sem þeir þurfa til að gæta réttinda sinna.

Samningur Sp- réttindi fatlaðs fólks

Ofbeldi og misnotkun

- Lagalegar, stjórnunarlegar, félagslegar aðgerðir eða aðgerðir í formi menntunar, til að vernda fatlaða gegn ofbeldi og misnotkun, bæði innan og utan veggja heimilisins.

Sjálfstæð búseta og samskipun

- Jafn réttur fatlaðra til að lifa í samfélaginu og jafn réttur þeirra til að velja á við aðra- réttur fatlaðra til að velja sér búsetuform, hvar þeir búa og með hverjum. Fatlaðir eiga rétt á stuðningi og þjónustu til að geta tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun.

Samningur Sp- réttindi fatlaðs fólks

Skóli án aðgreiningar

- Réttur fatlaðra til menntunar án nokkurrar mismununar. Fatlaðir hafi aðgang að menntakerfi sem er án aðgreiningar á öllum skólastigum og býður upp á nám í gegnum allt lífið. Fatlaðir eiga rétt á stuðningi til samræmis við einstaklingsbundnar þarfir þeirra sem tryggja eiga hámarks árangur í námi og félagsþroska. Við kennslu ráðist fólk með sérþekkingu á fötlunum, óhefðbundnum tjáskiptaleiðum og öðrum sérkennsluaðferðum til að hægt sé að koma til móts við þarfir fatlaðra nemenda.

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

- Fatlaðir eiga rétt á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þá eiga fatlaðir einnig rétt á að stunda kynlíf, stofna til hjónabands og eignast börn. Undir engum kringumstæðum er það réttlætánlegt að taka barn af foreldrum sínum einungis á þeim forsendum að foreldrarnir séu fatlaðir.

Barnasáttmáli Sp

- Sbr. lög nr. 19/2013.
- Skiptir réttindum barna í 3 flokka; vernd, umönnun og þátttöku.

Vernd

- Tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttar til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.

Barnasáttmáli Sp

Umönnun

- Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

Þátttaka

- Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Barnasáttmáli Sp

Fjórar grundvallarreglur ganga sem rauður þráður í gegnum allan sáttmálann og er því sérstaklega mikilvægt að hafa þær í huga þegar önnur ákvæði hans eru túlkuð, ekki síst ef ákvæði sáttmálans vegast á.

- **2. grein. Jafnræði – bann við mismunun**
Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.
- **3. grein. Það sem barninu er fyrir bestu**
Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.
- **6. grein. Réttur til lífs og þroska**
Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.
- **12. grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif**
Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Barnasáttmáli Sp

Öll ákvæði sáttmálans eiga jafnt við um fötluð börn sem ófötluð. Með tilliti til fatlaðra barna eru eftirfarandi ákvæði sérstaklega mikilvæg:

- 2. gr. Jafnræði-bann við mismunun.

Felur m.a. í sér rétt til aðstoðar til að geta notið réttinda til jafns við aðra.

- 28. og 29. gr. Menntun og markmið menntunar.

Þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína.

Barnasáttmáli Sp

- 23. gr. Fötluð börn.

Andlega og líkamlega fötluð börn eiga að búa við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra og stuðla að sjálfsbjörg þeirra og virkri þátttöku í samfélaginu. Þau skulu njóta sérstakrar umönnunar, eiga aðgang að menntun, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, starfsundirbúningi og tómstundaiðju.